



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 6. maí 2016

Samkomulag um sátt vegna brots Fjarskipta hf. á 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti

Hinn 29. apríl 2016 gerðu Fjármálaeftirlitið og Fjarskipta hf., hér eftir nefndur málsaðili, með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti (vvl.)

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 126. gr. vvl. með því að hafa ekki tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um viðskipti sem annars vegar fruminnherji í Fjarskiptum og hins vegar aðili fjárhagslega tengdur fruminnherja áttu, fyrr en 27. mars 2015 kl. 10:12. Höfðu viðskiptin þó átt sér stað daginn áður.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 350.000 krónur.

Málsatvik

Málsaðili er útgefandi hlutabréfa sem skráð eru í kauphöll.

Hinn 26. mars 2015 fóru fram viðskipti með hlutabréf útgefnum af málsaðila. Um var að ræða annars vegar fruminnherja í málsaðila og hins vegar aðila sem var fjárhagslega tengdur fruminnherja. Tilkynning um viðskiptin var ekki send Fjármálaeftirlitinu fyrr en 27. mars 2015 klukkan 10:12.

Lagagrundvöllur

Í 1. mgr. 126. gr. vvl. segir að útgefandi fjármálagernings skuli samdægurs tilkynna Fjármálaeftirlitinu um viðskipti fruminnherja eða fjárhagslega tengds aðila. Í framkvæmd hefur Fjármálaeftirlitið litið svo á að nægjanlegt sé að senda eftirlitinu tilkynningu fyrir opnun markaða daginn eftir að viðskipti eiga sér stað. Með því að tilkynning málsaðila barst eftir opnun markaða daginn eftir að viðskipti höfðu átt sér stað gerðist málsaðili brotlegur við 1. mgr. 126. gr. vvl.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem það hefur eftirlit með og brýtur gegn 1. mgr. 126. gr. vvl., sbr. 40. tölul. 141. gr. sömu laga.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 126. gr. vvl. með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 142. gr. laganna og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt.

Ákvörðun sektarfjárhæðar

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til hugsanlegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar Fjármálaeftirlitið fellst á að ljúka máli með sátt.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Í því máli sem hér er til umfjöllunar er um að ræða formbrot sem fólst í því að tilkynningu var skilað 42 mínútum of seint til Fjármálaeftirlitsins. Þá hefur málsaðili sýnt fullan samstarfsvilja í málinu, m.a. útskýrði hann sjónarmið sín á fundi með fulltrúum Fjármálaeftirlitsins og breytti verklagi hjá sér til að koma í veg fyrir frekari brot. Loks er ekki unnt að horfa framhjá því að málsmeðferð hjá Fjármálaeftirlitinu hefur dregist nokkuð, en hún hófst ekki fyrr en um einu ári eftir að atvik málsins höfðu átt sér stað.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu var lokið með sátt, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 350.000 kr.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert með á grundvelli 142. gr. vfl. og reglugerðar nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, verður uppvís að því að hafa gefið rangar upplýsingar um málsatvik eða leynt upplýsingum sem máli skipta. Brjóti málsaðili gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt, sbr. 45. tölulið 1. mgr. 141. gr. vfl.